

ORUSTA Í LOFTI.

ELDGOS Á BREIÐAFIRÐI.

Á FRAMFARALEIÐ.

HUGLEIÐING.

ÍSLENDINGASÖGUR.

HIMINHENDA OG

PARADÍSARMISSIR.

*Dr. Helgi Pjetursson*

# Orusta í lofti.

Hell is the path of a Man-  
kind towards extinction.

## I.

Skugghverfingurinn, er um það leyti, sem mig loksins var farið að syfja, hafði tekið til að skemta sjer við eitthvert af þessum hjátónatólum, sem geta pínt þreytt höfuð þó nokkuð áleiðis til örvæntingar, var hættur aftur og jeg hjelt áfram tilraunum mínum til að ná hvíld.

Og í þetta skifti tókst það. Fyrr en mig varði voru orðin undarleg umskifti. Jeg var ekki í rúmi mínu lengur, þótti mjer, heldur kominn á einhvern mjer alveg ókunnan stað. Segi jeg það ekki ósatt, að mjer þótti þar ógurlegt um að litast. Í lofti sá jeg langt í burtu eins og fuglahóp, sem nálgadist óðum. Sá jeg brátt, að þetta voru ekki fuglar, heldur flugvjarlar, ótrúlegur fjöldi, svo að jeg hefði haldið, að mikið mundi á skorta að jafn margar flugvjarlar gætu verið samankomnar á einum stað á jörðu hjer. Sá jeg flugvjarlarnar glögglega, þegar nær komu, þó að þær væru hátt í lofti. Er það eftirtektarvert, að sjón mín var miklu skarpari en í vöku. Hygg jeg að mikið skorti á, að nokkur maður á jörðu hjer sje eins langskýnn og jeg þóttist þarna vera.

Flugvjarlarnar voru af ýmsri gerð, sumar nokkuð líkar því sem jeg jeg hafði sjeð myndir af (því að jeg hef aldrei flugvjarlar sjeð öðruvísi en á mynd); en aðrar mjög ólíkar.

Jeg sá nú að flugvjarlahóparnir voru tveir, annar á flóttu, en hinn sem eftir sótti. Sækjendur voru, þegar rjett bar upp yfir þar sem jeg var, komnir svo nálægt sumum ó-

vinaflygvelunum, að þær snerust við og orusta tókst. Hafði jeg ekki haldið að mennirnir kynnu að beita flugvjarlum einsog þarna sást, og jeg hygg líka, að mikið muni á skorta, að nokkrir menn kunni svo að fljúga á jörðu hjer. Var líkt til þessara flugmanna að sjá einsog þegar skúmar og mávar eiga eltingaleik. Var furða á að horfa. Og þegar minst varði, gaus upp úr einni flugvjarlinni grænhvítur logi, og hryllilegt vein kvað við. Jeg hef heyrð hljóðað í örvænting, af óþolandi kvölum, svo að það líktist varla mannsródd; en það komst þó ekki nálægt hljóði flugmannsins þegar blossinn tók hann. Aðra flugvjarlar sa jeg blossa svona upp, og aftur heyrðist þetta hryllilega örvæntingaröskur. Jeg hygg, að engir menn á jörðu hjer hafi róm til að öskra eins hátt og hryllilega og hinir sigruðu flugmenn gerðu. Er þessi athugun samstæð við það sem áður er sagt af skarpleik sjónar minnar í draumnum.

## II.

Fram að þessu hafði verið því líkast sem jeg vekti, svo greinilega sá jeg það sem frá er sagt, nokkurnvegin með trúleik náttúrufræðings. En nú fór að líkjast meir draumarugli, einsog mig vanalega dreymir, og í því vaknaði jeg. Var mjer sem jeg hefði loftorustu sjeð í raun og veru, og hafði miklu glöggari hugmynd eftir en áður um það hversu djöfullegt það athæfi er; má svo að orði komast, að mennirnir hafi notað flugvjarlarnar, sem hefðu getað fært þá nær guðunum, til þess að færa sig nær djöflunum.

Jeg segi frá þessum draumi einnig vegna þess að hann táknar spor áfram í rannsóknunum mínum. Gat jeg

þegar jeg vaknaði, greinilegar en jeg hafði áður gert, athugað meðvitundaskiftin. Munu menn finna ef þeir stunda þesskonar sálurannsóknir, sem svo eru rjettnefndar, hvað sú athugun er vandgerð. Hafði jeg orðið að æfa mig á slíku þúsund sinnum og oft, áður jeg gæti sagt, einsog jeg get nú, að jeg hafi beinlínis athugað, að draumvitundin er meðvitund annars, sem kemur fram í mínum huga þegar jeg sef, og mín eigin skynjun hvílir sig og færir huga mínum lítið meðferðarefni eða ekkert.

Það sem jeg athugaði greinilegar en áður, var hvernig svefnmeðvitundin, draumurinn, hvarf fyrir innstreymi því í hugann, sem varð frá skynjun minni og endurminningum um líf mitt áður en jeg hafði sofnað, framhaldi vökuvitundarinnar. En svefnvitundin var einnig framkomin fyrir innstreymi frá skynjun; munurinn var sá, að það var skynjun annars. Jeg hef gert þær athuganir, sem sýna þetta með vissu; mundi jeg hafa skýrt frá þessari grein rannsókna minna nákvæmlega, og ýmsu sem byggja má á þeirri undirstöðuuppgötvun, sem hjer ræðir um, hefði jeg ekki tafist fyrir þreytuveikindi þau, sem hafa spilt svo lífi mínu og dregið svo úr framkvæmdum mínum, síðan jeg ofreyndist af vökum fyrir óheppilegar ástæður í langri ferð fyrir nállega 20 árum; var jeg fyrir nokkrum árum (1913) kominn mjög nálægt því að fá endir á veikindum þessum. En þó að svefnleysið hafi eytt mjög ánægju og krafti úr ævi minni, þá hef jeg þó fyrir þessar þúsundir af næturstundum, sem jeg hef vakað, haft meiri tíma til að íhuga drauma og fleira, en annars mundi verið hafa; og með-

fram þessvegna hefur mjer auðnast að gera athuganir, sem munu verða mjög þýðingarmiklar þegar menn fara að færa sjer þær í nyt.

Það er alveg rjett, sem Demokritos sagði, mesti spekingur fornaldarinnar, sem var svo langt á undan sinni öld, að samtíðarmenn hans hjeldu lengi að hann væri vitlaus, draumar eru ekki eingöngu heilaspuni mannsins sjálfs, heldur verða einkum fyrir áhrif á hugann utan að.

### III.

Loftorustan, sem jeg þóttist sjá, var ekki heilaspuni minn, heldur átti sjer stað, og að vísu á öðrum hnetti, þar sem menn eru komnir lengra í vjelfræði en á jörðu hjer; þar sem sjónin er miklu skarpari og rómarnir miklu sterkari en á jörðu hjer, lífsaflíð meira. Þó að þeir sen gera sjer enga grein fyrir því hvernig jeg hef undirbúið mál mitt, muni ef til vill ekki skilja það, þá er það þó áreiðanlega víst, að það er á vísindalegri leið, sem jeg hef komist að þessari niðurstöðu. Mannkynið á hnetti þeim, sem hjer er sagt af, er á ýmsan hátt lengra komið en mennirnir á jörðu hjer. En þó er ástandið þar nær helvíti en hjer er. Þeir hafa meira lífsafl þar, en kveljast líka meira. Risið er þar hærra til muna, en hrunið líka hærra, af því að ekki hefir reist verið á rjetttri undirstöðu.

Það er engin tilviljun að jeg fjekk hugsamband við þennan loftbardaga hnött; og það munu fleiri hafa fengið en jeg. Menning hefur í sumum greinum aldrei komist jafn langt á jörðu hjer og á þessum tímum, en afmenningin heldur aldrei verið að tiltölu eins mikil. Það hefir verið

hærra reist en áður, en hrúnið þeim mun meira. Spekin er í of litlum metum á jörðu hjer; þess vegna er það, sem menningin hefir ekki komist á rjettar undirstöður. Mætti telja til þess margar líkur, að mannkynið sje eins og nú stefnir, á glötunarvegi. Hið hvíta mannkyn er farið að visna í toppinn, og verði ekki stefninni breytt, mun forustan verða hjá hinum gulu og hinum brúnu. En þó mundi ekki þar við lenda, heldur mundu hinir svörtu taka við af þeim. Er hætt við að þá verði herskátt og vargaldir miklar, en mannkynið fari síðan sömu leiðina einsog svo margar líftegundir aðrar, sem bygt hafa hnött þenna og aldaða orðið.

Leiðirnar eru tvær. Annað er leiðin til dauðans, hitt leiðin til lífsins. Væri mannkynið á þeirri sigurbraut, þá mundi morðöldum lokið. Þá mundu þeir, sem lengra væru komnir, bróðurlega taka að sjer uppeldi hinna. En þó eru þeir engir, sem lengst sjeu komnir um hvað eina; því að um sumt munu litaðir menn vera hvítum mönnum femri á jörðu hjer. Og stórþjóðir munu verða að sækja sumt til smárra þjóða.

Helgi Pjeturss.